

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 2. október 2007 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Verkefni Héraðsnefndar A-Hún.

Fyrir fundinum lá bréf starfshóps sem skipaður var á síðasta héraðsnefndarfundi og hafði það hlutverk að setja upp drög að samstarfssamningum milli sveitarfélaganna um þrjú mál sem hugsanlegt er að fela héraðsnefnd til umsýslu.

Málaflokkarnir eru:

- Félagsþjónusta A-Hún
- Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa
- Brunavarnir- rekstur slökkviliðs.

Mikil umræða varð um málaflokkana og samstarf sveitarfélagana almennt á vettvangi héraðsnefndar. Eftirfarandi samþykktir voru bókaðar:

a. Félagsþjónusta A-Hún.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti að verkefni Félagsþjónustu verði fært undir stjórn Héraðsnefndar A-Hún á forsendum fyrirbyggjandi draga að samstarfssamningi.

b. Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti að ráðinn verði sameiginlegur skipulags- og byggingarfulltrúi sem starfi á vegum Héraðsnefndar A-Hún á forsendum fyrirbyggjandi draga að samstarfssamningi. Sveitarstjórnin telur rétt að ein byggingar- og skipulagsnefnd verði starfandi á vegum sveitarstjórna ef um það næst samstaða (Valkostur A).

c. Brunavarnir – rekstur slökkviliðs

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að sameiginlegt slökkvilið fyrir héraðið verði starfrækt á vettvangi héraðsnefndar og að Slökkvilið Skagastrandar verði hluti af þeim rekstri. Samþykktin er gerð með fyrirvara um að samkomulag náist um verðmat eigna slökkviliðanna og skipulag starfseminnar.

2. Drög að reglugerð um lögreglusamþykktir.

Fyrir fundinum lágu drög að reglugerð um lögreglusamþykktir sem Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendi út 11. september til umsagnar sveitarfélaga. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að lögreglusamþykktum.

3. Samþykkt um kattahald.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykkt um kattahald á Skagaströnd sem voru áður til umfjöllunar 12. júní sl. Samþykktirnar voru ræddar og staðfestar af sveitarstjórn.

4. Umsóknir um styrki til Menningarráðs Norðurlands vestra

Fyrir fundinum lágu umsóknir til Menningarráðs Norðurlands vestra um styrki til menningarstarfs. Annarsvegar er umsókn um verkefnið “Spákonufellshöfði – gönguleið” og hins vegar “Húsin okkar – nöfnin, sagan og sérkennin”. Umsóknirnar eru settar fram í nafni tómtunda- og menningarmálanefnd. Sveitarstjórn ræddi umsóknirnar og lýsti stuðningi við þær.

5. Bréf:

a. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21, dags. 25. september 2007.

Með bréfinu er bent á að gerður hafi verið samstarfssamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins um framhald samstarfs um Staðardagskrá 21 og að með því móti hafi öllum sveitarfélögum verið tryggður aðgangur að ráðgjöf um sjálfbæra þróun, þeim að kostnaðarlausu. Samþykkt að leita eftir kynningarfundum á Staðardagskrá 21.

b. Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 24. september 2007.

Með bréfinu er tilkynnt um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vegna menningarsamnings árin 2007-2009.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fram setta kostnaðarskiptingu.

c. Umhverfisráðuneytisins, dags. 20. september 2007.

Með bréfinu er boðað til fimmta umhverfisþings sem haldið verður 12. og 13. október.

d. Áskorun um sundlaugarbyggingu

Fyrir fundinum lágu áskorunarlistar sem áhugasamir krakkar á Skagaströnd stóðu fyrir að safna nöfnum á þar sem þau lýsa því að þau vilji fá nýja og flotta sundlaug á skólalóðinni á Skagaströnd með stórri og flottri rennibraut og gosbrunni. Undir áskorunina eru rituð 111 nöfn.

Sveitarstjórn ræddi áskorunarlistana og lýsti ánægju sinni með áhuga og dugnað þeirra sem stóðu að söfnun nafna á listana. Samþykkt að óska eftir fundi með verkfræðilegum ráðgjafa um möguleika í byggingum sundlauga.

6. Fundargerðir:

a) Skipulags- og byggingarnefndar, 13.09.2007.
Fundargerðin var samþykkt.

b) Hagsmunaaðila í úrgangsmálum, 16.08.2007.
Fundargerðin var til kynningar

c) Stjórnar Norðurár bs., 4.09.07.
Fundargerðin var til kynningar.

- d) Menningarráðs Norðurlands vestra, 21.09.2007.
Fundargerðin var til kynningar
- e) Stjórnar SSNV, 23.08.2007.
Fundargerðin var til kynningar
- f) Stjórnar SSNV, 19.09.2007.
Fundargerðin var til kynningar
- g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 28.08.2007
Fundargerðin var til kynningar
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30.08.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 13.09.2007.
Fundargerðin var samþykkt.

7. Önnur mál

- a) Umræður urðu um íbúáþing og ákveðið að stefna ákveðið að því á næstu vikum.
- b) Oddviti greindi frá erindum sem lögð voru fyrir fjárlaganefnd og kynnti þær hugmyndir sem voru þar til umfjöllunar. Hann greindi einnig frá fundi um hitaveitumál sem hann og sveitarsjóri sátu með fulltrúum Rarik.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12³⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)